

Athugasemdir vegna 349. Máls, Vopnalög, Lagafrumvarp á 154. Löggjafarþingi.

Ég óska hér með eftir að koma á framfæri athugasemdum við áður nefnt frumvarp auk þess að koma fram athugasemdum mínum við ræðu hæstvirts dómsmálaráðherra er hún mælti fyrir frumvarpinu á 154. Löggjafarþingi 24. Fundi þann 7. Nóv. 2023. Það er mitt mat að full ástæða sé til að taka mál þetta aftur til frekari vinnslu í ráðuneyti enda séu á því alvarlegir vankantar og jafnvel rangfærslur þá sérstaklega er kemur að floknum safnbýssur.

Ræða Dómsmálaráðherra: Mælir fyrir frumvarpi um breytingu á Vopnalögum

Tilv,

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998. Frumvarpið var upphaflega lagt fram á 153. löggjafarþingi en er nú endurflutt að mestu leyti óbreytt. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um skotvopn. Breytingarnar varða einkum skráningu, vörslu og eftirlit með skotvopnum en með frumvarpinu er jafnframt lagt til að innleidd verði ákvæði úr tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/555 um eftirlit með öflun og eign vopna.

Það að bæta skráningu og eftirlit er löngu tímabært, á síðasta ári voru innleiddar nýjar aðferðir þ.e. rafrænt umsóknarferli og skráning, gengu þær breytingar svo erfiðlega fyrir sig að Umb, Alþingis sá ástæðu til að kanna málið, tilvísun mál nr. F121/2022 en þar kemur fram að í svarbréfi ríkislögreglustjóra dagsettu 28. Nóvember 2022 segi meðal annars „að engin vankvæði séu nú með kerfið“ þetta er ekki rétt ég undirritaður sótti rafrænt um leyfi fyrir byssum þann 13. Desember 2022 þrátt fyrir ítrekaðar bréfa skrifir milli mín og Leyfadeildar LRH fannst umsókn mín ekki fyrr en 2. Janúar 2023 þ.e,a,s hluti af henni. Ég hef heyrt af fleiri vandræðum og uppákomum en ég get afhent nefndarmönnum afrit af fyrr nefndum tölvupóst samskiptum máli mínu til stuðnings óski þeir þess.

Í 7 lið tilskipunar ESB/2021/555 segir orðrétt „*Authorisations for the acquisition and possession of firearms should, as far as possible, involve a single administrative procedure.*“

Nú er því svo til háttað hér á landi að skotvopnakerfið er í eigu Ríkislögreglustjóra en skráning er í höndum lögreglu embættis, en að mestu leyti fer þetta nú orðið fram í gegnum leyfedeild Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, hef ég það skriflegt frá leyfedeild LRH „tölvupóstur 1. Nov, 2023“ að RLS hafi ekki viljað fá umsagnabeiðnir einstakra mála þó svo að kveðið væri á um slíkt í lögum og er það því túlkun hvers og eins er um afgreiðslu umsókna sjá hvernig umsókn er afgreidd. Nýju Vopnalögin gera ekkert í því að greiða úr þessari flækju.

Tilv,

Þá er með frumvarpinu einnig lagt til að ákveðnar takmarkanir verði gerðar á innflutningi á hálfsjálfvirkum og alsjálfvirkum skotvopnum með því að fella á brott úr lögnum undanþáguákvæði sem heimilað hefur innflutning á slíkum vopnum á grundvelli þess að um safnvopn sé að ræða.

Eftir stendur að hálfsjálfvirk vopn eru áfram leyfð til innflutnings og veiða en einnig nú í nýju lögnum til skotfimi smbr, 5 gr. 4mgr. Dæmi einstaklingur sem tekur skotvopnapróf getur ári síðar sótt um að fá leyfi fyrir hálfsjálfvirkri haglabýssu hálf sjálfvirkum riffil „cal .22“ auk stærri riffils, án frekri kvaða td ekki þurft

að eiga örugga geymslu þ.e byssuskáp fyrr en á 4. byssu, einstaklingur sem í dag sækir um leyfi fyrir byssu á safnaraleyfi þarf að hafa haft byssuleyfi í 5 ár áður en sótt er um safnaraleyfi, hafa örugga geymslu „við fyrsta vopn“ og hafa vöktun. Það er því verið að banna byssur sem eru undir strangasta eftirlitinu er varðar innflutning, eign, meðhöndlun og vörslu.

Tilv,

Með frumvarpinu er lagt til að ekki verði lengur heimilt að flytja inn alsjálfvirk og hálf sjálfvirk skotvopn á grundvelli söfnunar. Innflutningur á slíkum vopnum hefur verið undantekning frá annars skýru banni laganna við innflutningi á alsjálfvirkum og hálf sjálfvirkum skotvopnum. Er þetta lagt til í ljósi þeirrar miklu aukningar sem hefur orðið á mjög stuttum tíma á innflutningi þessara svokölluðu safnvopna. Sem dæmi má nefna voru engin slík vopn flutt inn hingað til lands á milli árána 2012 og 2017 en frá ársbyrjun 2018 til loka árs 2021, eða á fjórum árum, voru 1.404 slík vopn flutt inn til landsins. Má í þessu sambandi vísa til þess að í skýrslum greiningardeildar ríkislögreglustjóra um hryðjuverkaógn á Íslandi hefur verið bent á þá ógn sem aukið aðgengi að slíkum skotvopnum á Íslandi hefur í för með sér.

Vil ég í þessu sambandi benda á skýrsluna “Hryðjuverkaógn á Íslandi hættumatsskýrsla greiningadeildar ríkislögreglustjóra” sem gefin var út í Febrúar 2022 en þar er ekki minnst á þessa ógn.

Lögregla sér um skráningu á öllum byssum sem fluttar eru til landsins, það skal tekið fram að ekki eru allar safnbyssur hálf eða full sjálfvirkar, ég hef séð vopn sem eru skráð og ættu að heyra undir safnaraleyfi en eru á B leyfi, í máli Dómsmálaráðherra hefði ég óskað eftir nákvæmari upplýsingum því þó svo að safnbyssu sé flutt til landsins þá þýðir það ekki að hún sé í einkaeigu td ef um lager hjá verslun er að ræða

Tilv,

Almennt eru reglur um innflutning safnvopna mismunandi í nágrennalöndum okkar en horft var til þeirra við gerð þessa frumvarps. Meginreglan er þó almennt sú að innflutningur slíkra vopna er bannaður en frá þeirri meginreglu eru undanþágur misstrangar. Frá og með árinu 2024 verða hálf sjálfvirk vopn bönnuð í Noregi og enginn má eiga slík vopn þrátt fyrir að hafa keypt þau löglega fyrir þann tíma.

Innflutningur sala og eign á safnbyssum er Leyfður meðal annars í Sviss, Noregi Liechtenstein „EFTA ríkin“ Danmörk Finnlandi og Svíþjóð. Engin kannast við bann það og innköllun er Dómsmálaráðherra minnst hér á.

Ályktun

Ég dreg stórlega í efa að með lögum þessum verði bætt úr þeim misbresti og mismunun sem verið hefur þegar kemur að skráningu skotvopna.

Ég fæ ekki á nokkurn hátt séð ástæðu þess að banna þær byssur er lúta nú þegar ströngustu reglum um eign og meðferð.

Ég fæ ekki séð að horft hafi verið til Norðurlandana eða annara landa varðandi samræmingu lagana, aukin skilning á málinu

Ég fæ ekki skilið hvers vegna er verið að vinna alla þessa vinnu þegar Dómsmálaráðherra segir í sínu fyrsta andsvari við tilöggunni að „**Virðulegi forseti. Þegar það verður komin reynsla á þær breytingar sem er verið að leggja hér til í þessum lögum um skotvopn þá hefur sú sem hér stendur áhuga á því að taka lögjin til heildarendurskoðunar, en að því gefnu að við séum að stíga þessi skref núna.**”

Í tilskipun ESB/2021/555 er vitnað til þess að virða beri 8. grein Sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi en í þeirri grein er fjallað um persónuvernd vil ég í því sambandi ítreka ábendingu mína er varðar 7. grein tilskipununnar að skráning, ferli og varsla gagna sé á sem fæstum höndum. Einnig vil ég benda á 17. grein sáttmálans er fjallar um eignarétt, upptöku eigna og sanngjarnar bætur.

Í greinargerð með frumvarpi „þingskjali 360 og 1478“ er vitnað í skýrslu þjóðaröryggisráðs frá árinu 2021 um nauðsyn þess að endurskoða regluverk varðandi sjálfvirk og hálf sjálfvirk vopn. Um það er fjallað undir liðunum.

„Skipulögð glæpastarfsemi“

Skipulögðum glæpahópum hefur fjölgað á síðustu árum og umsvif þeirra farið vaxandi. Hóparnir koma að flestum birtingarmyndum skipulagðrar glæpastarfsemi. Í því sambandi má benda á að hálf sjálfvirkum og sjálfvirkum vopnum hefur fjölgað undanfarin ár.

Ábendingar

Herða þarf reglur um skotvopn og endurskoða undanþágur frá banni við innflutningi sjálfvirkra og hálf sjálfvirkra skotvopna.

Það má velta því fyrir sér hvort það að takmarka aðgang safnara að byssum sem falla undir safnaraleyfi sé áhrifaríkasta leiðin í baráttu okkar við skipulagða glæpastarfsemi.

Að því ég best fæ séð þarf ekki að samþykkja tilskipun ESB72021/555 fyrr en árið 2025 og mæli ég með því að sá tími verði notaður til að prufa keyra skráningar kerfi, straumlínulaga skráningar, umsóknar og eftirlits ferla. Leita samráðs við þá aðila er málið varðar td félag safnara og síðast en ekki síst að leita til nágrannalanda vegna samræmingar og ráðgjafar varðandi vopnalög.

Athugasemdir vegna frumvarps til laga Þingskjal 360 um breytingu á vopnalögum

1. grein

Í 1. grein laganna kemur í fyrsta sinn fyrir hugtakið „nauðsynlegum íhlutum skotvopna“ ásamt upptalningu á því hvað flokkast undir það hugtak, sá listi er ekki tæmandi fyrir þá hluti er geta talist nauðsynlegir fyrir byssur enda eru nú yfirleitt allir hlutir nauðsynlegir.

Réttast væri að sá sem á byssu geti aflað sér varahluta að öllu leiti þó með fyrirvara á að ekki sé hægt að kaupa svo mikið af „varahlutum“ að hægt sé að setja saman virkt skotvopn

5. grein

Í 5. grein laganna segir, þó svo að safnvopn séu oft á tíðum mjög vel merkt td íhlutir merktir þá er nú oft að búið er að setja saman eina byssu úr mörgum þó svo að skráningar númer sé skýrt þá geta verið önnur númer á íhlutum „nauðsynlegum“ sem og öðrum hlutum en einnig er langsótt að varahlutir safnvopna séu merktir einhverjum ákveðnum kóða.

9. grein

Í 9. Laganna kemur fram að seljandi skuli halda færslubók og færa þar inn meðal annars skotfæri án þess að getið sé um ástæður þess hvort skrá eigi magn eða nokkuð annað en velta má fyrir sér persónuverndarlögum þar sem þarna er þriðji aðili farin að halda skrá um neytenda eða hvort þessi skráning samræmist tilskipun ESB/2021/555

10. grein

Í 12. grein laganna lið D er kveðið svo á um að Lögreglustjóri geti veitt undanþágu ef brot eru þess eðlis. Er hér átt við Lögreglustjórán þar sem brot var framið, þar sem viðkomandi hefur lögheimili eða einghvern annan Lögreglustjóra?

Einnig er það að ráðherra skal setja ákvæði um hvað er skráð í skotvopnaleyfi en það hlýtur þó að ráðast af tilskipun ESB/2021/555 að lágmarki og eða hámarki með tilliti td til persónuverndarlaga.

11. grein

13. grein laganna í 3. Grein þess hluta er fjalafr um S leyfi er tekið fram að heimilt sé að nota safnbýssur á ákveðnum svæðum er ráðherra setur í reglugerð.

Er ráðherra hér með að taka ákvörðunarvald af skotfélögum eða mun ráðherra setja upp og sjá um sérstök svæði til þess að

12. grein

14. grein laga er gefið upp hvað má eiga til aflífunar dýra samkvæmt því er talað um B leyfi sem gerir það að verkum að meindýraeyðir má aðeins nota haglabýssu eða riffil sem leyfður er á A og B leyfi

Einnig er kemur að meðhöndlun óvirkum byssum sem td leikmunum þarf umsjónaraðili aðeins að B leifi þó svo að hann meðhöndli leikmuni er gætu fallið undir C,D og eða S skráningu og sem eftirlits aðili láta þá jafnvel í hendur einstaklings sem er ólöggráða eða án skotvopnaleyfis en einstaklingum er aðeins leyfilegt að eiga óvirkar byssur í samræmi við skotvopnaleyfi sitt.

16. grein

Í 18. grein laganna kemur fram að í skotvopnaskrá skuli skrá hver er eigandi skotfæra, hvernig í ósköpunum á að útfæra þetta?

30. grein

Í 40. grein laga má bæta við enda samræmist það gildandi reglum svo sem 17. grein Sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi en í þeirri grein er fjallað um eignarétt

Niðurlag

Eins og ég tel mig hafa sýnt fram á þá eru töluverðir vankantar á þessu frumvarpi, svo miklir að mínu mati að ekki sé ástæða til annars en að stöðva frekari umfjöllun um málið og endurvinna með tiliti til samvinnu og samhæfingar.

Hér að framan vitna ég í tölvupósta sem ég mun auðfúslega senda nefndinni óski hún eftir því en einnig er nefndinni eða nefndarmönnum velkomið að hafa samband óski þeir frekari gagna eða upplýsinga.

Eskifirði 23.11 2023

Björn Ásgeirsson

Lambeyrarbraut 10

Knt; 1810685909

Sími +354 774 1813

	Norway	Denmark	Finland	Sweden	Iceland Current	Iceland Proposed	Switzerland	Liechtenstein
Semi-Automatic Rifles Hunting/ Sport Shooting	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Import Banned	Import Banned	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Fully-Automatic Weapons	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Import Banned	Collectors Licence	Collectors Licence
Semi-Automatic Military Rifles	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Import Banned	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Pistols & Revolvers (Historic)	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Import Banned	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Modern Pistols	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Import Banned	Import Banned	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Modern Revolvers	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Mostly Banned	Mostly Banned	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Pre-1900 Pistols	Basic Firearms Licence	Collectors Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Import Banned	Import Banned	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Cap & Ball Revolvers	Pre 1871 - no licence required	Collectors Licence	Pre 1890 - No Licence required	Pre 1890 - No Licence required	Import Banned	Import Banned	Pre 1871 - no licence required	Pre 1871 - no licence required
Percussion Pistols	Pre 1871 - no licence required	Collectors Licence	Pre 1890 - No Licence required	Pre 1890 - No Licence required	Import Banned	Import Banned	Pre 1871 - no licence required	Pre 1871 - no licence required
Flintlock Pistols	Pre 1871 - no licence required	Collectors Licence	Pre 1890 - No Licence required	Pre 1890 - No Licence required	Import Banned	Import Banned	Pre 1871 - no licence required	Pre 1871 - no licence required
Cartridge Collecting	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Banned	Banned	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
10-Bore Shotguns	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Import Banned	Import Banned	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
8-Bore Shotguns	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Import Banned	Import Banned	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Air Pistols	No Licence required	Basic Firearms Licence	No Licence required	Basic Firearms Licence	Effectively Banned	Effectively Banned	No Licence required	No Licence required